

**FDK**

Félag dönskukennara

Kæru dönskukennarar**Fréttabréf mars 2015**

Aðalfundur

Aðalfundur FDK var haldinn í húsi Kennarasambandsins þann 25. febrúar s.l.

Formaður félagsins Margrét Karlsdóttir var endurkjörin. Úr stjórn fór Hildur Ásta Viggósdóttir. Henni eru þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins. Í hennar stað kom í stjórn Katrín Jónsdóttir kennari í Hvassaleitisskóla.

Stjórnin hefur skipt með sér verkum:

Formaður: Margrét Karlsdóttir
Varaformaður: Hildur Guðrún Hauksdóttir
Gjaldkeri: Jónína María Kristjánsdóttir
Ritari: Málfríður Þórarinsdóttir
Meðstjórnendur: Alma Guðrún Frímannsdóttir, Ágústa Unnur Gunnarsdóttir og Katrín Jónsdóttir

Endurskoðendur: Marta Guðmundsdóttir og Kristín Valdimarsdóttir

Ákveðið var á aðalfundi að árgjald félagsins yrði það sama og undanfarin ár, eða **kr. 3.000.-** Giróseðlar verða sendir út til félagsmanna á haustdögum.

RÚV hefur hafið endursýningu á hinum sívinsælu þáttum MATADOR. Þeir eru á dagskrá á fimmtudögum kl. 16:30.



Sumarnámskeið á vegum

Nordspråk 2015

Sumarnámskeið Nordspråk verður að þessu sinni haldið á Íslandi dagana 25.—30. júlí.

Námskeiðið ber yfirskriftina *Læselyst– den nordiske novellen på menuen.*

Skráning er til 15. apríl á <http://nordsprak.com/>

Minum á nýja og glæsilega heimasíðu Nordspråk, en þar er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar varðandi kennslu í Norðurlandamálum.

Ráðstefna FDK var haldin í Háskólanum í Reykjavík 20. mars s.l.

Hún tókst vel og þátttaka dönskukennara góð. Þarna voru fluttir fjölbreyttir og fróðlegir fyrirlestrar. Einnig var sent út í fjarfundabúnaði svo enn fleiri gátu fylgst með og tekið þátt.

Myndir frá ráðstefnunni er að finna á facebook-síðu félagsins.

Stjórnin óskar félagsmönnum gleðilegra páska

**Bestu kveðjur,
stjórnin**

Ábyrgðarmaður: Margrét Karlsdóttir
margret@hvaleyarskoli.is